

Símenntunaráætlun Pálmholts 2019 - 2020

Á þessu skólaári líkt og því síðasta verður námskeiðshaldi sem greitt er af leikskólanum í lámarki þar sem fjármagn til námskeiða og námskeiðahalds er af skornum skammti. Áfram verður haldið með SMT- styðjandi skólafærni og munu allir nýliðar í skólanum fá nýliðafræðslu. Einnig munu einn kennari fara á grunnnámskeið í SMT- styðjandi skólafærni. Allir starfsmenn í efra húsi fara á námskeið í skyndihjálpi á haustönn. Stór þáttur í símenntun er að viðhalda starfsgleði og starfsmetnaði innan skólans og því höldum við áfram að vinna með MIO TRIO, sem er verkfæri til að meta getu og halda utan um stærðfræðikennslu leikskólabarna. Gert er ráð fyrir trúnaðarmannanámskeiðum trúnaðarmanna FL og Einingar-löju sem og einum til tveimur fundum trúnaðarmanna vegna kjaramála svo eitthvað sé nefnt.

Haustönn 2019

SMT- styðjandi skólafærni - nýliðafræðsla	Nýjir starfsmenn
Fræðsla um stærðfræðikennslu yngstu barna	Nýjir starfsmenn
Trúnaðarmannanámskeið og 1-2 fundir á dagvinnutíma	Trúnaðarmenn FL og Einingar-löju
Markþjálfafundir	Skólastjórar
SMT-styðjandi skólafærni grunnnámskeið	Fríða Rún
Skyndihjálparnámskeið	Ekki á áætlun
Leikur að læra námskeið	Allir starfsmenn nema matráðar
Fræðsla um Öskjuna	Allir starfsmenn
Sameiginlegur starfsdagur leikskóla Málstofur og fræðsla af ýmsu tagi	Allir starfsmenn Matráðar fræðsla um ofnæmisfæði
Starfsdagur – jafningjafræðsla – tekin málefni frá starfsdegi og miðla því sem lærðist	Allir starfsmenn

Vorönn 2019

SMT-styðjandi skólafærni grunnnámskeið	1-2 starfsmenn
1 -2 trúnaðarmannafundir á dagvinnutíma	Trúnaðarmenn FL og Einingar-löju
Námsferð – utkennsla og jóga námskeið – brauðbakstur	Allir starfsmenn

Þessu til viðbótar og eftir því sem við verður komið eru starfsmenn hvattir til að nota endurmenntunarsjóði sem þeir hafa aðgang að. Þannig gefst tækifæri til að efla sig í starfi, ekki hvað síst gagnvart þeim þáttum sem lúta að áherslum skólans; lestri, sjálfsmynd og umhverfismennt. Rétt er að benda á að Akureyrarbær greiðir ákveðna prósentu til endurmenntunarsjóða og því sjálfsagt að nýta þann rétt eins og hægt er.

Við lítum svo á að sí- og endurmenntunaráætlun sé lifandi plagg sem ekki er raunhæft að fullmóta að hausti þegar námskeiðsboð fyrir allan veturinn liggur ekki fyrir. Því verður bætt inn í þessa áætlun eftir því sem við á.